

17. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

13. febrúar 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:10

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB) í gegnum fjarfundarbúnað, Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH) og Páll Marís Pálsson (PMP), ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Fundur settur 18:23

Fundarstjóri: Una Hildardóttir

Dagskrá:

1. **Fundargerð 16. stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Félagi ársins:** IET leggur til að dómnefndin skipi eftirfarandi fulltrúa: Laufeyju Maríu Jóhannsdóttur starfandi formann LUF, Hreiðar Má Árnason fyrrverandi formann LUF og Söru Þöll Finnbogadóttur stjórnarmann OBESSU. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
3. **Stjórnmalanefnd** sbr. í lið 6.3.2. á 3. Fulltrúaráðsfundi: UH ber ábyrgð á að boða formann UVG á fund fyrir 27. febrúar n.k.
1. **Alþjóðamál:** Í ljós kom að LUF á lítið erindi á undirbúningsfund YFJ í Brussel fyrir High-Level Political Forum þar sem LUF hefur enga aðkomu að landsrýni Íslands.
4. **Skuggaþing:** Frestun á umsókn vegna tæknilegra örðugleika.
5. **Sambandsþing:**
 - a. Drög að ársreikningi var samþykktur með fyrirvara um að bókari lagfæri örfáa liði.
 - b. SHB leggur til að næsta fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir endurskoðendum og var sú tillaga samþykkt.
 - c. Ákveðið var að tillaga að framkvæmdaáætlun verði samþykkt rafrænt.
 - d. Umræða um stefnuályktun: Rætt var um gerviverktaka, atvinnuleysisbætur og fæðingarorlof, öll húsnæðismál undir einn hatt og heimavist fyrir 16-18 ára nemendur landsbyggðarinnar sem sækja nám á höfuðborgarsvæðinu, aðgengi að háskólanámi og öldrun þjóðarinnar.
 - e. TI lagði til viðbótarbreytingu á lið 4. í 20. gr. líkt og henni var falið á síðasta fundi.
6. **Önnur mál:** TI minnir á að frestur til að ljúka við texta fyrir ársskýrslu er 24. febrúar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:33

TI ritaði fundargerð.